HÁSKÓLI ÍSLANDS
HAGFRÆÐIDEILD

HAGFRÆÐIDEILD

www.hag.hi.is

Hvað er hagfræði?

Hagfræði stendur mitt á milli raunvísinda og félagsvísinda og býður upp á fjölbreytta möguleika til atvinnu og framhaldsnáms. BS/BA gráða í hagfræði gefur nemendum gott færi til þess að starfa sem hagfræðingar strax að námi loknu en hefur einnig margsannað sig sem mjög góður undirbúningur fyrir framhaldsnám – hvort sem er í hagfræði eða öðrum greinum. Þá hafa hagfræðingar með BS/BA gráðu verið mjög eftirsóttir í atvinnulífinu, bæði vegna skilnings á efnahagslífinu sem og greiningarfærni í stærðfræði og/eða tölfræði. Hagfræðingar eru oftar en ekki í stjórnunarstöðum í fyrirtækjum.

Af hverju að velja hagfræði?

Hagfræðideild er tiltölulega lítil deild þar sem nemendur standa þétt saman bæði í leik og námi. Kennarar skapa persónulegt andrúmsloft fyrir nemendur og fámennir útskriftarárgangar ásamt vökulu gæðaeftirliti hafa tryggt vaxandi eftirspurn eftir nýútskrifuðum hagfræðinemum í atvinnulífinu.

Aðstaða til náms við Hagfræðideild HÍ er afar góð, bæði í nýjum glæsilegum háskólabyggingum sem og í Odda, þar sem hjarta deildarinnar slær. Svo má ekki gleyma Stúdentakjallaranum, sem er að festa sig í sessi sem miðpunktur í félagslífi stúdenta. Nám í hagfræði hefur í áranna rás sannað sig sem afar góður undirbúningur fyrir vinnumarkað og framhaldsnám.

BS nám í hagfræði

Markmið BS námsins er að opna heim hagfræðinnar fyrir nemendum – hvað varðar hugsun, aðferðafræði og kenningar. Í því felst:

- Að þjálfa nemendur í stærðfræði og hagrannsóknum (þ.m.t. tölfræði) svo þeir geti nýtt sér megindlega greiningartækni.
- Að kenna þeim kjarna greinarinnar – rekstrarhagfræði og þjóðhagfræði – svo þeir öðlist hlut í faginu og geti hugsað eins og hagfræðingar.
- Að kynna fyrir þeim helstu kjarnagreinar viðskiptafræðinnar – s.s. fjármál og lestur ársreikninga.
- Gefa nemendum færi á að dýpka þekkingu sína með því að velja valnámskeið í hinum ýmsu undirgreinum – s.s. vinnumarkaðshagfræði, atvinnuvegahagfræði, heilsuhagfræði eða sögu hagfræðikenninga.
- Gefa nemendum færi á því að spreyta sig á sjálfstæðri greiningarvinnu með ritun fræðilegrar lokaritgerðar.

BS nám í fjármálahagfræði

BS nám í fjármálahagfræði leggur áherslu á samspil hagfræði og fjármála á bæði hagnýtum og fræðilegum grunni. Nemendur fá sömu grunnþjálfun og aðrir hagfræðinemar,

en síðari hluti námsins er síðan helgaður fjármálum. Þá taka nemendur námskeið bæði í viðskipta- og hagfræðideild; almenn fjármál, fjármál fyrirtækja, afleiður og fjármálagerninga, fjármálalögfræði, opinber fjármál og fjármálahagfræði. Sérstök áhersla er á hagnýta beitingu aðferða og kenninga í náminu og að nemendur geti, á grundvelli þeirra, unnið raunveruleg verkefni í hagfræði og fjármálum.

BS nám í viðskiptahagfræði

Viðskiptahagfræði sameinar kjarna hagfræði og viðskiptafræðigreina í einni námsgráðu. Nemendur fá sömu grunnþjálfun og aðrir hagfræðinemar en námsleiðin veitir þeim jafnframt frelsi til þess að byggja ofan á þennan grunn með því að velja námskeið úr viðskiptafræðideild eftir áhugasviði, s.s. í fjármálum, reikningsskilum, markaðsfræði, viðskiptalögfræði, alþjóðaviðskiptum eða öðrum slíkum greinum. Þannig geta þeir að miklu leyti raðað saman sinni eigin námsgráðu. BS í viðskiptahagfræði hentar því vel þeim sem vilja stunda hagnýtt og fjölbreytt nám er nýtur viðurkenningar jafnt í atvinnurekstri sem og í háskólum innanlands sem utan.

BA nám í hagfræði

BA námið veitir nemendum færi á að læra til nokkurrar hlítar viðbótarnámsgrein samhliða hagfræði og er því ætlað þeim sem vilja annað hvort afla sér almennari menntunar eða auka sérhæfingu sína á ákveðnu sviði með framtíðarnám eða starfsvettvang í huga. Sem dæmi má nefna einhvern sem stefnir á blaðamennsku á sviði efnahagsmála og velur þar með BA nám í hagfræði með áherslu á fjölmiðlafræði. BA námið veitir góða undirstöðu fyrir atvinnulífið, en opnar jafnframt dyr að framhaldsnámi. Einn helsti kostur BA námsins er mikill sveigjanleiki, en þriðjung námsins má taka í öðrum deildum, s.s. lögfræði, sagnfræði, fjölmiðlafræði, heimspeki eða stjórnmálafræði, svo nokkur dæmi séu tekin.

60 eininga aukagrein í hagfræði

Nemendur í öðrum deildum, sem bjóða upp á 180 eininga nám, geta tekið 60 einingar í hagfræði og útskrifast með BA eða BS próf með hagfræði sem aukagrein. Námsefni er að mestu hið sama og hjá fyrsta árs nemum, sem taka hagfræði sem aðalgrein.

Hagfræðideild · Gimli v/Sæmundargötu · 101 Reykjavík · sími: 525 4508 · fax: 552 6806 · hagfraedi@hi.is. www.hag.hi.is

Útgefið: Reykjavík, febrúar 2018 / Hönnun: H2 Hönnun ehf.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
HAGFRÆÐIDEILD